

Jón Kristjánsson 2010:

# Kanada- þorskurinn sem hvarf


Í febrúar 2004  
s. af St' Pierre




Sífelld er haldið fram að þorsstofninn við Nýfundnaland hafi verið veiddur upp. Einnig hefur verið haldið fram að stofninn hafi ekki rétt við eftir áratuga veiðibann. Er eitthvað hæft í þessu?

Hér á eftir eru leiddar líkur að því að þorskurinn hafi drepist úr hungri vegna kólnunar hafsins, nokkuð sem leiddi til fæðuskorts. Ekki bætti úr skák að mikill samdráttur varð í sókn, sem magnaði upp hungurástandið.


## Þorskaflí við Kanada 1958-1998



Hér sést þorskaflinn við Kanada 1958-1998. Sjá má að togveiðar (mobile gear), táknaðar með opnum hringum, bera uppi veiðarnar fram til 1975, en þá var síðustu erlendu togurunum kastað út úr landhelginni. Áður var búið að stækka möskva til að draga úr veiðum á smáfiski í “uppbyggingarskyni” = ábyrg fiskveiðistjórn.





Afli Kanadamanna, aðallega veiddur í net og gildrur, og afli útlendinga, eingöngu togveiði. Möskvi er stækkaður á áttunda áratugnum og útlendingum svo hent út 1975. Á þessum tíma áttu Kanadamenn enga úthafstogara.



Þyngd þorsks eftir aldri við Labrador ,J2 (Cod, weigth at age)


Meðalþyngd fellur stöðugt með aldri eftir að möskvi var stækkaður og útlendingar hurfu af miðunum. Stærsti þorskurinn, tvær efstu línurnar, hverfur upp úr 1990 og eftir það veiga elstu þorskar aðeins um 1,5 kg. Hér er greinilega fæðuskortur á ferðinni. Fullyrðingar um ofveiði fást alls ekki staðist.

# - Kanada - Labrador, 2J




Efri myndin sýnir holdafar þorsks við Labrador 1976-2000, hvernig þorskur horast eftir 1988.

Neðri myndin sýnir hvernig lifrarþyngdin fellur einnig, en lifrin geymir forðanæringu fisksins. Hvort tveggja ber ótvíræðan vott um hungur.




### Kynproskaaldur, þegar 50% eru kynþroska

Kynþroskaaldur fellur snögglega. Það er merki um að dregið hafi úr vaxtarhraða, fiskurinn fer að hrygna yngri, eins konar mótvægisáðgerð við fallandi vexti og aukna dánartölu (vegna hungurs). Oft er talað um erfðir í þessu sambandi en það getur ekki átt við hér. Erfðabreytingar taka langan, langan tíma.




## Þróun þorskafla við Grænland og Kanada

Þorskafla fellur við Grænland og Kanada á sama tíma. Ólíklegt er að ofveiði hafi átt sér stað á báðum stöðum á sama tíma. Hér hlýtur að vera á ferðinni sameiginlegur þáttur og er þá helst að líta til umhverfispáttá sem hafa áhrif á fæðuframboð og þar með afkomu.



Aflaminnkun verður 1969 við Grænland og **ári síðar** við Labrador, Þessi ár kemur pólsjór, CIL, frá Grænlandi til Labrador.






## Hafstraumar á N-Atlantshafi


Kaldur straumur liggur suður með A-Grænlandi, **bláa línan**, beygir í norður við Hvarf, suðurodda Grænlands, þaðan yfir til Labrador suður á Miklabanka. Kuldapollurinn, CIL, barst með þessum straumi frá Grænlandi til Nýfundnlands á u.þ.b. ári.

## Kuldaskið og þorskaflí við Grænland og Kanada



Hér er sýndur botnhiti á St. Lawrence flóa, blá brotin lína. Ofan á þá mynd eru felldar aflatölur frá Kanada, rauð lína, og Grænlandi, græn lína. Aflinn fellur þegar fyrra kuldatímabilið hefst, um 1970. Síðara kuldaskiðið frá 1984 virðist leika stofnana illa og þorskur hverfur af Grænlandsmiðum skömmu eftir 1990.

## Pólsjór við Nýfundnaland



Hiti á 100 dýpi í St. Lawrence flóa, rauð lína, og ísþekja, græn lína. Ísþekja er margfeldi af flatarmáli íss og dagafjölda. Þessar mælingar sýna kuldaskiðin sem eru sýnd með bláu línunum.

## Porskurinn er kominn aftur!

Febrúar 2004 á  
St.Pierre bánka

**Takið eftir “trollglugga”  
framan við manninn**



Þessi mynd var tekin austast á Miklabanka, beint suður af Nýfundnalandi. Framan við manninn er gluggi, gat á trollinu, til að takmarka aflann við hæfilegan skammt í vinnsluna. Skipið var fyllt á fimm dögum. Myndin er tekin um borð í kanadiskum togara af íslenskum skipstjóra sem var með í túrnum.





Rígaporskur á leið í móttöku

## Á Flæmska hattinum , í mars 2006



Við rækjuveiðar eru notaðar skiljur til að sikta fiskinn frá rækjunni. Fiskurinn sleppur svo út í gegn um gat sem er á trollinu framan við skilju. Hér hafði verið settur “matarpoki” yfir gatið til að fá fisk í soðið - og þetta var aflinn, stórþorskur og karfi.

Hafið er yfir allan vafa að mikill þorskur er við Nýfundland og svo hefur verið í nokkur ár. Einungis eru leyfðar mjög takmarkaðar veiðar við ströndina og þar taka menn gjarnan árskvótann á 1-2 dögum. Sjómenn hafa sagt í mörg ár að mjög mikið sé af fiski en “vísindamenn” hafa gert lítið úr því. Þeir segja að þó nokkuð sé af þorski á grunnsævi, en nánast ekkert á djúpslóðinni, sjálfum bankanum, en þar eru ekki leyfðar veiðar. Þangað fara aðeins rannsóknaskip til stofnmælinga en finna lítið eins og þeirra er siður. Færeyskir skipstjórar, sem þarna eru að rækju- karfa- og grálúðuveiðum segja hinsvegar að þorskur sé þeim til vandræða... Upplýsingum um þorskgegn er haldið leyndum af pólitískum ástæðum; til að koma í veg fyrir ásókn útlendinga og til að halda við blekkingunni um ofveiðina sem er notuð sem svipa á þá sem telja að auka megi veiðar. – “Ætlið þið að láta það fara eins og á Nýfundnalandi”, segja menn.

- Endir -